



## Sláturtíð 2012 framundan

### Ágætu sauðfjárbændur

**Sláturtíð 2012 hefst hjá Kjötafurðastöð KS 4. september og hefur undirbúningur staðið yfir undanfarnar vikur. Búið er að manna flest störf og er það með svipuðum hætti og verið hefur þ.e. meirihluti starfsfólks kemur erlendis frá, aðallega Póllandi, Svíþjóð og Nýja Sjálandi.**

Vel hefur gengið að safna sláturfjárloforðum og hefur aldrei fyrr verið búið að jafna eins miklu niður á þessum tíma eins og nú. Það að bændur skili snemma inn óskum um slátrun auðveldar okkur að skipuleggja slátrunina. Markmið okkar er að reyna að ná að verða við beiðnum bænda um slátrun og auka slátrunina enn frekar með góðu samstarfi við bændur.

Ný verðskrá hefur verið birt á heimasíðu okkar [www.ks.is](http://www.ks.is) og er hún einnig birt í þessu fréttabréfi. Við viljum þó benda bændum á að fylgjast með á heimasíðu okkar, því breytingar gætu orðið á verðum ef tilefni verður til. Það er og verður stefna KKS að greiða samkeppnisfær verð. Verðtaflan nú tekur litlum breytingum frá páskaverðum en þá hækkuðum við haustverð 2011 um 6% en ný verðskrá tekur mið af 6.3% hækkun á verðskrá sl. hausts.

Verulegar breytingar hafa orðið á erlendum mörkuðum, sérstaklega í Evrópu þar sem

kaupmáttur hefur rýrnað verulega og sala lambakjöts dregist verulega saman. Klárlega eru það tímabundnar breytingar en þó spurning hversu langan tíma það tekur að ná jafnvægi á mörkuðum innan Evrópu. Á meðan að þetta ástand gengur yfir þá er mikilvægt að hlúa að öðrum mörkuðum eins og unnið hefir verið markvisst að á undanförunum árum svo sem á Asíu- og Rússlandsmarkaði. Það hefur verið markmið okkar að byggja upp viðtæka þekkingu á erlendum mörkuðum sem nýttist okkur til frambúðar. Sú vinna sem við höfum lagt í það hefur skilað okkur á þann stað að vera langstærsti útflytjandi á sauðfjárafurðum. Búið er að ganga frá sölu á öllum gærum, bæði hjá KKS og SKVH. Verð á gærum á síðasta ári var í sögulegu hámarki, en það lækkar nú talsvert á milli ára.

Birgðir lambakjöts ganga að mestu upp hjá KKS og SKVH. Erfiðara var nú en áður að selja ærkjöt og er það síðasta að fara á markað á næstu vikum.

Það er von okkar að sláturtíð gangi vel og við óskum eftir góðu samstarfi við bændur, nú sem fyrr. Við vonum einnig að fleiri bændur sjái sér hag í samstarfi við okkur á komandi hausti.

Ágúst Andrésson  
forstöðumaður

### Framkvæmdir

## Framkvæmdir við Kjötafurðastöð KS

Miklar framkvæmdir hafa verið í afurðastöðinni á þessu ári. Rafmangsinntak var endurnýjað og stækkað verulega og aðaltöflurbæði fyrir afurðastöð og fiskvinnslu endurnýjaðar. Stærstu framkvæmdirnar eru tengdar afkastaaukningu í frystingu. Verið er að koma fyrir nýjum öflugum blástursfrystum sem auka afköstin í frystingu um 2/3 í magni auk þess sem frystingin verðu mun hraðari, sem eykur enn frekar gæði kjötsins.

Frystigeta hefur verið þröskuldur í afköstum sem breytist nú til muna og á það að auðvelda okkur að anna slátrun á hverjum tíma.



# Heimtaka kjöts

Í fyrra hóf Kjötafurðastöðin að pakka heimtökuskrokkum í gegnum pökkunarlínu hússins og þar með að fullnýta uppsetta línu. Umtalsverð hagræðing varð við þessa breytingu og til muna bæting á vinnslu og afgreiðslu heimtöku. Ætlunin er að halda áfram með sama sniði og í fyrra og vill Kjötafurðastöðin þakka góð viðbrögð við breytingum og samvinnu síðastliðna sláturtíð.

**Skilyrði fyrir áframhaldandi bættri þjónustu á heimtöku er að allar pantanir fyrir heimtöku skrokka skuli berast eigi síðar en degi áður en slátrað er.**

Það er mjög mikilvægt að pantanir á heimtöku komist tímanlega og skilmerkilega til skila. Best er að senda með tölvupósti á [rett@ks.is](mailto:rett@ks.is) allar upplýsingar um heimtöku daginn áður en slátrun fer fram eða senda inn upplýsingar inná heimasíðu [ks.is/is/kjotafurdastod](http://ks.is/is/kjotafurdastod). Þeir sem ekki eiga kost á því að senda tölvupóst, senda upplýsingar á sér blaði með bílstjóra (mikilvægt að upplýsingar sé tilbúnar til afhendingar þegar bílstjóri kemur á staðinn) þegar fé er sótt. Þeir sem keyra sjálfir koma upplýsingum til þess sem tekur á móti fé í réttinni við afhendingu.

Jafnframt þarf að taka skýrt fram að ef, segjum sem dæmi, viðkomandi innleggjandi vill fá allt heimtekið sem fer í fituflokk 4 og 5 að það sé þá tekið fram að hámarki hversu marga skrokka. Því miður kemur oft fyrir að teknir eru frá allir sem fóru í fituflokk 4 og 5 og svo kemur í ljós að innleggjandi vill ekki nema fá helming af frátekinni heimtöku. Eins öfugt að ef ekkert fer í tiltekinn flokk, sem beðið er um heim, að þá sé tekið fram að ef ekki flokkist í þann flokk að fá þá einhverja aðra tiltekna skrokka (flokka) í staðin. Undantekningar tilfelli eru um að skrokkar sem eiga að vera heimteknir fari í úrkast. Í þeim tilfellum er ekki settur annar skrokkur í heimtöku í staðin nema það sé tekið fram. Eins þarf að taka skýrt fram hvernig á að saga, ef á að saga, hvort heldur sem það sé í 7 parta eða meiri finsögun og hvort skrokkar eigi að vera frosnir eða ófrosnir við afgreiðslu. Heimtökuskrokkum er svo pakkað, hverjum



skrokk fyrir sig, í sér kassa í lok næsta dags eftir slátrun. Í hverjum kassa er svo hver hluti fyrir sig í sér poka, læri sér, kótilettur sér, súpukjöt sér o.s.frv. Athugið að t.d. hryggur sem sagaður er í kótilettur fer allur saman í einn poka, læri sem fer í sneiðar fer allt saman í einn poka o.s.frv. Ef bæði slögin eru heil fara þau saman í einn poka. Heilir skrokkar eru pokaðir og grisjaðir.

Hafa ber í huga að ef beiðni fyrir heimtöku skilar sér ekki fyrr en sama dag og slátrað er eða eftir að slátrun á sér stað þá áskilur Kjötafurðastöðin sér þann rétt að verða ekki við heimtökunni.

Afhending á heimtöku verður á 3 og 4 degi frá slátrun milli kl. 10:00 – 12:00 og 13:00 – 14:30. Afreiðslusími heimtöku er 847 3556. Taka þarf fram ef innleggjandi vill láta senda sér kjötið og hvert. Innleggjandi greiðir kostnað við sendingu.

Geymslugjald verður sett á þá heimtöku sem ekki er sótt/send á tilsettum tíma.

Sláturkostnaður fyrir heimtöku verður 160 kr./kg. og takmarkast við eðlilega heimanotkun og heimasölu bænda. Gjald fyrir fullorðið og veturgamalt eru 3000 kr./stk.

Ekkert gjald er tekið fyrir 7 parta sögun en kr.

25 á kg. fyrir finsögun. Athugið að kostnaður á finsögun er þurrvigt skrokks. Innmatur fylgir ekki heimtöku.

Kostnaður vegna úrkasts eru 500 kr./stk.

## Samantekt heimtöku:

- ◀ Pöntun daginn áður.
- ◀ Hvaða flokka/skrokka.
- ◀ Hversu marga skrokka.
- ◀ Til vara flokka/skrokka.
- ◀ Sögun.

Með fyrirfram þökk um góða samvinnu nú sem endranær.



# Heimasíða KS

Ný heimasíða KS opnaði á atvinnulífs-sýningunni sem haldin var 28. apríl síðastliðinn í íþróttahúsi Sauðárkróks. Á forsiðu heimasíðunnar er hægt að skrá sig inn á viðskiptavef KS sem er ætlaður fyrir viðskiptamenn félagsins.

Þar er hægt að skoða stöðu, prenta út yfirlit og reikninga og einnig að fá upplýsingar um afurðir sem seldar eru til KS. Vigtarseðlar birtast um leið og þeir eru tilbúnir á viðskiptavefnum.

Kjötafurðastöðin kappkostar við að uppfæra og miðla upplýsingum til viðskiptavina í gegnum sinn hluta heimasíðunnar, sem hægt er að nálgast undir flípanum starfssemi eða undir merki afurðastöðvarinnar (KS Icelandic lamb) eða á slóðinni [www.ks.is/is/kjotafurdastod](http://www.ks.is/is/kjotafurdastod).

Endilega kynnið ykkur opunar- og afgreiðslutíma, fréttir, verðlista, pantanir og eyðublöð, síma og netföng starfsmanna.



## Flutningur og aðstaða fyrir fjárbíla á bæjum

Góð aðstaða auðveldar lestun og er því gott ef bændur athugi í tíma hvort eitthvað þurfi að bæta eða laga s.s. stækkun aðkeyrslu, smíði rampa eða færa til landbúnaðartæki. Mjög góða aðstaða er orðin á mörgum bæjum og þökkum við sérstaklega fyrir það en á sumum bæjum má gera enn betur. Mikilvægt er að sláturfé sé hreint þegar það er sett á bil og passa þarf uppá að taka það sólahring fyrir flutning af beit.

Útfylling fylgibréfs er mikilvægur þáttur í að upplýsingar um sláturfé, fjölda dilka,

veturgamalt og fullorðið ásamt upplýsingum um innleggjenda og heimtöku skili sér rétt til réttarstjóra. Heilbrigðisýfirlýsing er undirrituð á fylgibréfi sem bílstjóri tekur með sér. Þeir aðilar sem flytja sjálfir fylla fylgibréf út í réttinni við afhendingu sláturfés.

Eyðublöð fylgibréfs og heimtöku er hægt að nálgast á heimasíðu Kjötafurðastöðvarinnar [www.ks.is/is/kjotafurdastod](http://www.ks.is/is/kjotafurdastod) fyrir þá sem vilja vera búnir að undir búa sig fyrir flutning.



*7 parta sögun - hvað er það?*

7 parta sögun er þegar skrokkur er hlutaður í

- læri heil (2),
- hryggur heill (1),
- frampartar heilir (2)
- og slög heil (2) = sjö hlutar.

Ath. að hækill er á hafður á lærum.

Allt umfram það er finsögun.

Taka þarf sérstaklega fram, ef um finsögun er að ræða, ef hækillinn á að vera á lærunum.

Hækillinn er annars sagaður af.

## Sláturfjarpantanir

Gísl F. Einarsson sér um niðurföfnun og tekur á móti sauðfjarpöntun í síma 455 4592 eða 825 4595.

Einnig er hægt að senda pöntun inná heimasíðu

[www.ks.is/is/kjotafurdastod](http://www.ks.is/is/kjotafurdastod) eða með netpósti á [bondi@ks.is](mailto:bondi@ks.is).

Sem fyrr er hægt að hafa samband við umboðsaðila Kjötafurðastöðvar KS á viðkomandi svæði.

Böðvar Magnússon,  
Hrútsstöðum 434 1175 – 894 4075  
[hrutsstadir@simnet.is](mailto:hrutsstadir@simnet.is)

Ólafur Davíðsson,  
Hvítárvöllum 437 0007 – 894 9770  
[olid@emax.is](mailto:olid@emax.is)

Jóhann P. Ágústsson,  
Brjánslæk 456 2055 – 824 3108  
[brl2@simnet.is](mailto:brl2@simnet.is)

Guðmundur Steinar,  
Kikjubóli 456 7655 – 896 2834  
[smag@snerpa.is](mailto:smag@snerpa.is)

Ragnar Magnússon,  
Bakkagerði 471 1025 – 896 1026  
[ragnarm@emax.is](mailto:ragnarm@emax.is)

Jóhann Ragnarsson,  
Laxárdal III 451 1164 – 847 0764  
[jrlax@simnet.is](mailto:jrlax@simnet.is)

KJÖTAFURÐASTÖÐ KS

## Verð til bænda haust 2012

	Álag	10%	8%	6%	4%	0,0%
Flokkur	Grunnur	vika 36	vika 37	vika 38	vika 39	vika 40 - 43
D E1	562	618	606	595	584	562
D E2	583	641	629	617	606	583
D E3+	526	578	568	557	547	526
D E3	577	634	623	611	600	577
D E4	449	493	484	475	466	449
D E5	383	421	413	405	398	383
D U1	530	582	572	561	551	530
D U2	550	604	593	582	571	550
D U3+	494	543	533	523	513	494
D U3	545	599	588	577	566	545
D U4	417	458	450	441	433	417
D U5	351	386	379	372	365	351
D R1	486	534	524	515	505	486
D R2	520	571	561	551	540	520
D R3+	451	496	487	478	469	451
D R3	505	555	545	535	525	505
D R4	380	417	410	402	395	380
D R5	315	346	340	333	327	315
D O1	446	490	481	472	463	446
D O2	481	529	519	509	500	481
D O3+	420	461	453	445	436	420
D O3	472	519	509	500	490	472
D P1	378	415	408	400	393	378
D P2	419	460	452	444	435	419
V R3	357	357	357	357	357	357
V R4	308	308	308	308	308	308
V P1	257	257	257	257	257	257
VH R3	112	112	112	112	112	112
VH R4	112	112	112	112	112	112
F R3	260	260	260	260	260	260
F R4	204	204	204	204	204	204
F P1	112	112	112	112	112	112
HR 3	112	112	112	112	112	112
HR 4	112	112	112	112	112	112